



LEB

Landssamband eldri borgara

382. – Stjórnarfundur LEB 22. apríl 2024

Kl. 14.00 – Ármúla 6

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir og Magnús Jóhannes Magnússon.

Gestur fundarins: Ásgerður Guðmundsdóttir, verkefnastjóri LEB

Forföll: Jónas Sigurðsson

Oddný Árnadóttir skrifstofu- og markaðsstjóri LEB sat fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta stjórnarfundar 3. apríl borin upp. Fundargerðin rædd út frá þeim atriðum sem varða umfjöllun um kosningar í FEB í febrúar. Í beinum tengslum við þetta kom upp umræða um fundargerð 380. fundar þann 29. febrúar sl. Þorbjörn sagðist vilja ítreka, vegna bókunar Ingibjargar Sverrisdóttur á 381. stjórnarfundum, þar sem hún vitnar í bókun sem hann hafi lagt fram, þá sé málið byggt á misskilningi. Þorbjörn hafi ekki lagt fram bókun heldur hafi þetta verið almennar umræður. Stjórn LEB harmar að slíkur misskilningur hafi slæðst inn í fundargerðina og mun í framtíðinni tryggja betur upplýsingaflæði á og af fundum. Að því sögðu var fundargerð 381. fundar samþykkt.

2. Reikningar félagsins v. 2023

Gjaldkeri fór yfir reikninga félaganna. Samþykkt að styrktarsjóður veiti aftur 400.000 kr. styrk og að sett verði framlag í sjóðinn upp á kr. 200.000. Reikningar styrktarsjóðs síðan samþykktir. Reikningar félagsins teknir síðan fyrir. Tekjur hafa hækkað um 10 m.kr. Ein skýring er að árgjaldið var hækkað. Gjöld hafa einnig hækkað. Rætt um útgáfukostnað sem hefur hækkað og þar vegur póstkostnaður þungt. Samþykkt að fá tilboð í þessa þjónustu. Undir liðnum Óráðstafað styrktarfé var rætt um nýtingu þessara styrkja. Ákveðið að fara t.d. í þýðingarvinnu til að þjóna betur erlendum eldri borgurum. Reikningar samþykktir eftir góðar umræður. Að lokum var samþykkt að taka upp rafrænar undirskriftir reikninga héðan í frá.

3. Landsfundur LEB 14. maí nk.

Tillögur stjórnar (fyrir 30. apríl nk.). Áherslur í kjaramálum. Nú er heildar endurskoðun á kjörum öryrkja og komin fram tillaga ráðherra um að hækka frítekjumarkið í 100 þúsund kr. Við þurfum að fá stjórnmalafólk til að svara fyrir það hvað þau eru að gera.



LEB

Landssamband eldri borgara

Eftirfarandi atriði samþykkt í dagskrá Landsfundar:

- Samþykkt að halda félagsgjaldi óbreyttu.
- Fá einhvern frá borginni til að ávarpa Landsfundinn auk nýs formanns FEB.
- Magnús og Ásgerður beðin um að vera fundarstjórar. Samþykkt.
- Fundarritarar. Óska eftir tveimur aðilum í það.
- Fá valda fyrirlesara frá ráðstefnu Öldungaráðs t.d. um netsvindl.
- Ályktun um kjaramál frá Kjaranefnd.
- Fá forystumenn helstu stéttarfélaganna til að halda ávörp um kjaramál eldra fólks, t.d. ASÍ, BSRB og BHM.
- Fá fjölmiðlafólk/fréttastjóra til að svara fyrir tregðu til að fjalla um málefni eldri borgara. Þjóða þeim að mæta á fundinn, senda þeim formlegt boð.
- Auglýsa Landsfundinn t.d. í útvarpi og nota helstu áherslupunkta/ályktun

4. Gott að eldast/Bjartur lífstíll

Verkefnastjórinn (sem var gestur fundarins) sagði okkur frá því að haldnir eru vikulegir teymisfundir. Verið að hvetja t.d. sveitarfélög til að birta á einum stað yfirlit yfir öll hreyfiúrræði fyrir eldra fólk.

Önnur mál:

- Kosningar framundan, fundir með stjórnmalafólki. Formaður greindi frá því að hann er m.a. að fara á fund með þingmönnum Miðflokksins. Við munum reyna að funda með öllum flokkum á næstu mánuðum.
- Erindi rædd sem komu frá félaginu í Bolungarvík og Garðabæ varðandi árgjöld. Málið afgreitt þannig að við fylgjum lögum LEB.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:05

Fundargerð samþykkt rafrænt 31. maí 2024

Helgi Pétursson, formaður LEB